

# Leiðsagnarnám í Víkurskóla

## Lokaskýrsla 2024-2025



Leiðsagnarnámsteymi

Fiona Oliver

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir

Markús Karl Torfason

## A. Tilgangur skýrslunnar

Markmið skýrslunnar er að gera grein fyrir helstu verkefnum, viðburðum og áherslum leiðsagnarnámsteymisins skólaárið 2024–2025. Einnig verður farið yfir það sem vel gekk og hver næstu skref verða til að efla leiðsagnarnám enn frekar í Víkurskóla.

## B. Teymið í vetur

Teymið skipuðu:

- Fiona Oliver, uglu og umsjónarkennari
- Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri valvers
- Markús Karl Torfason, stærðfræðikennari

Í vetur lögðum við áherslu á að styrkja þekkingu kennara á leiðsagnarnámi með reglulegum umræðum, leshringjum, þróunarvinnu og kynningum bæði innan skólans og utan.

## C. Helstu verkefni og áherslur

### 1. Spurningatækni og samtal um nám

Við höldum áfram að efla spurningatækni kennara í anda leiðsagnarnáms með ýmsum hætti. Skipulagðir voru leshringir og kennarafundir þar sem rætt var um áhrifaríkar spurningar og leiðir til að virkja nemendur í námi. Kennarar lásu valda kafla úr bókinni *Leiðsagnarnám: Hvers vegna, hvernig, hvað?* og tóku þátt í umræðum þar sem þeir æfðu spurningatækni og veittu hver öðrum markvissa endurgjöf. Á vorönninni fór fram þróunarhringur sem fól í sér dýpri umræðu, æfingar og eftirfylgni, með það að markmiði að styrkja færni kennara og festa spurningatækni betur í sessi í daglegri kennslu.

### 2. Verkfæri leiðsagnarnáms

Við þróuðum áfram notkun þriggja lykilverkfæra. Þau eru BLINK, FILM og ugluviti (nýtt nafn á knowledge organizer).

**Hvað er BLINK?** BLINK er verkfæri sem miðar að því að skapa sameiginlegan skilning á kennsluháttum til að efla innihaldsrík námssamtöl. BLINK gefur skýra mynd hvernig er hægt að framkvæma greiningu á kennsluháttum og hvar er þörf á umbótum. BLINK hvetur til sjálfsmats á fimm lykilsviðum náms og kennslu sem eiga við bæði starfsfólk og nemendur.

**Hvað er FILM?** FILM er verkfæri til að fá endurgjöf frá nemendum. Þessi endurgjöf nýtist í innra mat skólans og einnig svo kennari geti bætt frammistöðu sína á eftirfarandi sviðum:

- Kennslu: Hvað hefur verið kennt (3 stjörnur og ein ósk)
- Nám: Hvað hefur verið lært (3 stjörnur og ein ósk)
- Minningarstund(ir).

Endurgjöfin fer þannig fram að nemendur eiga samtöl við aðra starfsmenn skólans en þann sem kennir lotuna. Hægt að velja um að taka samtölin upp eða skrifa niður svör nemenda við eftirfarandi spurningum:

- Hvað hefur þú verið að læra um?
- Hvernig hefur kennarinn eða kennslan hjálpað þér?
- Hvað hefur þú lært?
- Hvaða stóð upp úr? Og af hverju?

Helsti ávinningur af því að nota FILM er að fá skýra mynd af gæðum náms og kennslu. Endurgjöf nemenda á kennsluháttum er dýrmætt tækifæri til umbóta. Bæði fyrir kennarann sem um ræðir og fyrir innra mat skólans. Hún opnar samtal um kennslu og nám og gefur kennurum innsýn í einstaka reynslu nemenda sinna. Með henni geta kennarar ígrundað eigin kennsluhætti og fundið tækifæri til faglegrar þróunar.

Í febrúar og mars tóku Þuríður skólastjóri, Ingibjörg deildarstjóri og Líney námsráðgjafi á móti nemendum í 8. bekk og unnu með þeim að prófun á FILM. Nemendur fengu tækifæri til að skoða, meta og ræða nám sitt í gegnum umræðuform FILM. Í kjölfarið höfum við nýtt endurgjöf frá nemendum til að bæta

bæði kennslu og námsumhverfi, með það að markmiði að gera námsferlið gagnsærra og skilvirkara fyrir nemendur.

### 3. Kynningar og samstarf við aðra skóla

- Kynning á MenntaStefnumóti 2024.
- Kynning í Helgafellsskóla
- Kynning með áherslu á Barnasáttmálann og leiðsagnarnám.
- Námsmat í stærðfræði í anda leiðsagnarnáms með notkun T-korta
- Kynning á leiðsagnarnámi á Öskudagsráðstefnunni: BLINK, FILM og Ugluviti.
- Kynning í Kóraskóla

### 4. Samþætting við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Við tengdum markvisst vinnu okkar við Barnasáttmálann og ræddum hvernig við getum notað leiðsagnarnám til að styrkja rödd og þátttöku nemenda í eigin námi.

## D. Fundir og skipulag

Við höldum reglulega vinnufundi og kynningarfundir samkvæmt fundaskrá.

| Fundir   | Efni                                                                                                              |
|----------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 16. ág.  | <a href="#">Kynningarfund</a> um áherslur í vetur tenging við barnasáttmál                                        |
| 14. sept | <a href="#">Leiðsagnarnámskynning</a> - Helgafellsskóli                                                           |
| 26.sept  | Vinnustofu með John Morris<br><a href="#">EMPOWERING PERFORMANCE in the BLINK of an eye</a><br>Fiona og Ingibjörg |
| Okt.     | Work on Blink + FILM<br>Hlekkur á <a href="#">skjal</a>                                                           |

|                   |                                                                                                                                      |
|-------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Okt/nov           | <a href="#">Fundur</a> með danska kennaranema                                                                                        |
| 5.nóv             | Skippluggja fund 13. Og 18. nóv                                                                                                      |
| 6. nóv            | Sendi tölvupóst með lesefni                                                                                                          |
| 13. nóv           | <a href="#">Námsmat í stærðfræði í anda leiðsagnarnáms með notkun T-korta</a><br>Markús                                              |
| 18. nóv           | Ræða saman lesefni og markmið fyrir kennslu<br>file:///C:/Users/FionaEO2619/Downloads/James-Nottingham-24-Nov-AFTERNOON-Teachers.pdf |
| Des               | Líney æfir sig að gera FILM (samþykkt) með 10.b                                                                                      |
| 8. jan            | Vinnufundur leiðsagnarnám                                                                                                            |
| 15. jan           | Fund Ingibjörg skippluggja fund 3. Feb<br>Sendi tölvupóst<br>Knowledge organizer new name Ugluviti                                   |
| 3. feb            | Kennarafund ræða hvernig gekk að æfa spurningatækni og næst lesa kafla 7: Endurgjöf (miðjumat)                                       |
| 20. feb           | Ingibjörg og Fiona með kynning í <a href="#">Kóraskóli</a>                                                                           |
|                   | Undirbúning f. Öskudagsráðstefna                                                                                                     |
| Öskudagsráðstefna | ÞÓ og FEO með <a href="#">kynning</a> um innramat og leiðsagnarnámi (BLINK, FILM, UGLUVITI)                                          |
| Mars              | Lesi um miðjumat.                                                                                                                    |
| 10. apríl         | <a href="#">Nemendur kynna Leiðsagnarnám frá þeirra sjónarhorn</a>                                                                   |
| April             | <a href="#">Fundur</a> með finnskum og frönskum gestir                                                                               |
| 14. maí           | Fundur með kennarar úr Kóraskóli um samþæting, Mentor, leiðsagnarnám og margt fleira.                                                |

19. maí

Skrifa lokaskýrslu

## E. Mat á vetrinum

Veturinn gekk vel og einkenndist af markvissri vinnu. Við höldum áfram innleiðingu leiðsagnarnáms með áherslu á umræðu, æfingu og tengingu við aðrar stefnur skólans.

Við höldum einum þróunarhring og komum FILM og Ugluvita betur inn í daglegt skólastarf. Einnig hefur áhugi og eftirspurn eftir þekkingu okkar aukist, og þurfum við að undirbúa fleiri starfsmenn til að kynna leiðsagnarnám út á við.

Sérstaklega ánægjulegt var að í febrúar og mars tókum við mikilvægt skref í að prófa FILM með nemendum. Þuríður skólastjóri, Ingibjörg deildarstjóri og Líney námsráðgjafi unnu með 8. bekk að samtölum um nám í anda FILM. Nemendur fengu tækifæri til að ræða nám sitt á markvissan hátt og við höfum síðan notað þá endurgjöf sem þar kom fram til að bæta kennsluna og gera hana markvissari.

## F. Næstu skref – skólaárið 2025–2026

### Áherslur

- Styrkja innri þekkingu á leiðsagnarnámi og samræma skilning allra kennara.
- Þjálfar fleiri kennara í að miðla leiðsagnarnámi innan og utan skólans.
- Halda áfram með þróunarhringi – stefna á tvo hringi næsta vetur.
- Dýpka notkun á BLINK, FILM og Ugluvita og nýta endurgjöfina úr FILM í innra mat.
- Halda áfram að vinna með tengingu við Barnasáttmálann.
- Nýta matskvarða um góða kennslustund í innra mati og þróun.

## G. Lokaorð

Leiðsagnarnám er fastur þáttur í skólastarfi Víkurskóla og við höldum áfram að byggja ofan á þá góðu grunnvinnu sem þegar hefur átt sér stað. Með samvinnu, umræðu og markvissum stuðningi við kennara getum við eflt faglegt starf og bætt námsárangur nemenda.

Að fá tækifæri til að prófa FILM með nemendum var sérstaklega dýrmæt reynsla sem sýndi okkur hversu mikill styrkur felst í því að fá innsýn frá nemendum um eigið nám. Það styrkir okkur enn frekar í þeirri trú að leiðsagnarnám sé lykilatriði í að skapa valdeflandi og áhrifaríkt námsumhverfi.